

Ár 2010, fimmtudaginn 15. júlí kl. 17:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Guðmundur Þór Guðjónsson, Ninna Sif Svavarsdóttir í forföllum Eyþórs H. Ólafssonar og Róbert Hlökkversson.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Guðmundur Þór Guðjónsson, formaður, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

- 1.1. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 25. júní 2010.**  
Í bréfinu er rætt um endurskoðun á innbyrðis skiptingu milli sveitarfélaga á framlagi Jöfnunarsjóðs vegna hækkaðs tryggingagjalds. Við endurskoðunina hækkar framlag til Hveragerðisbæjar um tæpar 1,8 milljónir.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 5. júlí 2010.**  
Í bréfinu er boðað á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður á Akureyri 29. september til 1. október 2010.  
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Umhverfissráðuneytinu frá 2. júlí 2010.**  
Í bréfinu er tilkynnt að ráðuneytið hafi því miður ekki tók á að veita fjárstyrk til sýningarinnar Blóm í bæ.  
Lagt fram til kynningar.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

- 2.1. **Opnun tilboða í Hönnun gatnagerðar Heiðmörk.**  
Þann 1. júlí voru opnuð tilboð í að framkvæma verið "Heiðmörk - Hönnun gatnagerðar". Alls bárust 5 tilboð í verkið.

| Bjóðendur                                 | Tilboðsfjárhæð |
|---|----------------|
| Verkfræðistofan Mannvit ehf               | 3.165.000.-    |
| Verkfræðistofa Árborgar ehf               | 5.498.000.-    |
| Verkfræðistofa Guðjóns Þ. Sigfússonar ehf | 3.435.000.-    |
| Verkfræðistofa Suðurlands ehf             | 2.928.123.-    |
| Verkfræðistofan Verkís ehf                | 3.515.400.-    |

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðenda Verkfræðistofu Suðurlands ehf.
- 2.2. **Bréf frá Sigríði I. Hjaltested frá 5. júlí 2010.**  
Fært í trúnaðarmálabók.
- 2.3. **Samningur við Vegagerðina um veghald þjóðvega í þéttbýli.**  
Lagður fram samningur milli Vegagerðarinnar og Hveragerðisbæ vegna veghalds þjóðvega í þéttbýli innan Hvergerðis árið 2010.  
Samningurinn samþykktur.

2.4. **Minnisblað frá skrifstofustjóra frá 13. júlí 2010 vegna neysluvatnslagna við leikskólann Undraland.**

Með minnisblaðinu fylgdu tvö tilboð í lagfæringu á neysluvatnslögnum við leikskólann Undraland annars vegar frá Birni Ágústi Björnssyni um að skipta út lögnum og hins vegar frá HGL um hreinsun og fóðrun á lögnum.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði frá Birni Ágústi Björnssyni í að skipta út lögnum og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að fela verkfræðistofu að teikna nýju lagnirnar. Kostnaði við verkið vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

3. **Fundargerðir:**

3.1. **Skipulags- og byggingarnefndar frá 1. júlí 2010.**

**Mál nr. 7 Heiðmörk 70, breytt notkun lóðar.**

Sótt er um leyfi til að vera með á lóðinni blandaða starfsemi s.s. landbúnað, verslun, menningar- og ferðamannþjónustu skv. umsókn dags 30. apríl 2010 og lýsingu á starfseminni.

Málið hefur verið grenndarkynnt.

Ekki bárust fleiri athugasemdir við grenndarkynningunni eftir fund skipulags- og byggingarnefndar til loka frest á athugasemdum.

Bæjarráð hafnar erindinu þar sem athugasemdir varðandi breytta landnotkun eru réttmætar.

Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir samhljóða.

3.2. **Velferðarnefndar frá 30. apríl 2010.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. **Verkfundagerðir:**

4.1. **Gatnagerð Hveragerði 2010 frá júlí 2010.**

Bæjarráð samþykkir fundargerðina.

5. **Fundargerðir til kynningar:**

5.1. Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands frá 29. júní 2010.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:25

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)